

Tillaga til 444. Fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 24. Október 2019

Tillaga bæjarfulltrúa Í-lista um aðgerðir til fjölgunar íbúa og íbúða:

"Bæjarfulltrúar Í-listans leggja til að Ísafjarðarbær leggi til hlutafé í stofnun félags sem hafi þann tilgang að stuðla að nýbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

Félagið starfi með þeim hætti að kaupa álitlegar óbyggðar íbúðir sem skortur er á markaði og setji aftur á söluskrá þegar stytast fer í verklok byggingarframkvæmda.

Í fyrsta áfanga hafi félagið heimild til að eiga allt að þrjár íbúðir á hverjum tíma.

Lagt er til að gert verði ráð fyrir kostnaði vegna þessa félags í yfirstandandi fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2020.

Í Húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar sem kynnt var í nóvember 2018, er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um á bilinu 400 til 800 á á næstu 4-5 árum.

Hærri talan miðast við miðspá II mannfjöldaspár sem nánar er komið að í skýrslunni og forsendur hennar gera ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fiskeldis og aukna ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Að gefnum forsendum er þörf á nýjum íbúðum í sveitarfélaginu 10-25 íbúðir ári á árabílinu 2019 - 2022 að gefnum forsendum um mannfjöldapróun og lýðfræðilegar breytingar.

Þátttaka bæjarfélagsins í að fjölga íbúðum er liður í því að styðja að áður nefndar spár um fjölgun íbúa gangi eftir.